

Endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk

Aukaping Fjórðungssambands Vestfjarða á Hólmavík
miðvikudagur 4. nóvember 2015



Lög um yfirfærsluna

- » Í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu aðila í málaflokki fatlaðs fólks setti Alþingi lög um ábyrgð á þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, lög nr. 152/2010.
- » Meginmál þessara laga var síðan felld inn í lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks
- » Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar rætt er um að einstök þjónustusvæði „skili málaflokknum“ til ríkisins.
- » Með sama hætti var það Alþingi sem setti rekstri málaflokksins fjárhagsramma í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga
- » Fyrirkomulagi þjónustunnar og/eða fjárhagsramma verður því ekki breytt án atbeina Alþingis



Hvar á þjónustan heima ?

- » Þjónusta við fatlað fólk snýr með beinum hætti að velferð fólks og er í eðli sínu hluti af þeirri almennu ábyrgð sem sveitarfélög bera gagnvart grunnþörfum allra íbúa sinna.
- » Í ljósi þess á þjónustan að mati ráðherra heima hjá sveitarfélögum og því algert stílbrot að flytja málaflokkinn aftur til ríkisins.
- » Ekki kemur heldur til álita að búa til einhvers konar blandað kerfi þar sem sum sveitarfélög hafa ábyrgð á málaflokknum og sum ekki.
- » Enda væri slíkt í andstöðu við áratuga baráttumál sveitarfélaga um skýra og heildstæða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.
- » Ríki og sveitarfélög þurfa hins vegar að koma sér saman um sanngjarna fjármögnun á málaflokknum til framtíðar.
- » Að því er nú unnið í viðræðum milli aðila.



Endurmat - yfirfærslumarkmið

- » Sameiginlegt endurmat skv. 11. grein samkomulags ríkis og sveitarfélaga dags. 23.11.2010
- » Endurmati átti að ljúka á árinu 2014, vinna hófst um mitt ár 2013
- » „Komi í ljós [við endurmatið] veruleg röskun á forsendum skulu teknar upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um nauðsynlega leiðréttingu“

Tilvitnun í samkomulag um fjárhagsramma 6.07.2010

- » *"Markmið þessa samkomulags eru að færa ábyrgð á fjármögnun þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og tryggja sveitarfélögum sanngjarnan fjárhagsramma sem tekur tillit til umfangs verkefna, brýnnar þarfar fyrir aðhald í opinberum rekstri og sameiginlegra áforma ríkis og sveitarfélaga um að bæta afkomu hins opinbera og skapa þannig forsendur fyrir lækkun skulda."*



- » Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og velferðarráðuneytinu fer með framkvæmd endurmatsins.
- » Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks hefur yfirumsjón með endurmatinu samkvæmt lögum nr. 152/2010



Verkefnisstjórn – hlutverk

- » Afla upplýsinga um fjárhagslega og faglega þætti svo unnt sé að leggja mat á árangur yfirfærslunnar
- » Verkefnisstjórn skal greina upplýsingarnar og setja þær fram í skýrslu og gera tillögu að afgreiðslu þeirra.
- » Mat á fjárhagslegum forsendum skal miða að því að unnt sé að taka ákvörðun um endanlega útsvarsprósentu sveitarfélaga
- » Faglegt mat byggir á markmiðum 2. gr. samkomulagsins:
 - Bæta þjónustuna og auka einstaklingsmiðaða nálgun
 - Stuðla að samþættingu við nærþjónustu sveitarfélaga
 - Eitt stjórnsýslustig – draga úr skörun ábyrgðarsviða
 - Bæta nýtingu fjármagns
 - Styrkja sveitarstjórnarstigið – einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.



Tafir á verkinu

- » Tókst ekki að halda tímamörk
- » Gagnaöflun tók mun lengri tíma en áætlað var
- » Tímafrek ágreiningsmál komu upp svo sem ágreiningur um bókfærslu tekna sveitarfélaga vegna málaflokksins.
- » Framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks var óleyst við yfirfærsluna
- » Rekstrarúttekt og greining á stöðu 6 þjónustusvæða með neikvæða afkomu
- » Heildstætt rekstraruppgjör fyrir öll þjónustusvæði vegna ársins 2014



Staða verksins

- » Skýrsla verkefnisstjórnar er tilbúin að því undanskildu að verið er að ganga frá niðurlagi kafla um mat á fjárhagslegum þáttum verkefnisins.
- » Skýrslan er samantekt á faglegri og fjárhagslegri stöðu málaflokksins í heild á landsvísu
- » Skýrslan er grunngagn fyrir viðræður ríkis og sveitarfélaga um lokasamkomulag um yfirfærsluna
- » Samkomulag liggur fyrir um framtíðarskipan atvinnumálanna



Framtíðarskipan atvinnumála

- » Viljayfirlýsing undirrituð 28.09.2015
- » Staðfest þau meginmarkmið að allir atvinnuleitendur hafi aðgang að vinnumarkaðsaðgerðum hjá Vinnumálastofnun sem annast skipulag vinnumarkaðsúrræða. Ennfremur að líta ber á hvers konar atvinnu- og hæfingartengda þjónustu sem ætluð er fötluðu fólki sem atvinnumál og þar með hluta af almennum vinnumarkaðsaðgerðum.
- » Í viljayfirlýsingunni eru skilgreind ábyrgðarsvið aðila Vinnumálastofnunar annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.
- » Fjallað um samráð milli aðila við mat á umsóknum og kostnaðarskiptingu og fjármálalega samskipti.



Almennt um niðurstöðurnar

- » Endurmatið leiðir í ljós að fagleg og stjórnsýsluleg markmið yfirfærslunnar hafa í meginatriðum gengið eftir.
- » Sveitarfélög hafa sinnt þjónustu við fatlað fólk af ábyrgð og fagmennsku.
- » Heildaryfirlit á rekstrargrunni viðmiðunar árin 2011-2013 sýnir að í meginatriðum hafa sveitarfélög fengið sanngjarnan fjárhagsramma.
- » Þetta segir þó ekki alla söguna um eiginlega fjárhagsstöðu málaflokksins þegar litið er til rekstrarafkomu ársins 2014.



Fjárstreymi á rekstrargrunni 2011 - 2014

Rekstrargrunnur, fjárhæðir í m.kr.	2011	2012	2013	2014	Samtals 2011-2014
1 Hækkun útsvars sveitarfélaga	10.498	11.448	12.047	13.361	47.354
Beint framlag til sveitarfélaga	2.187	2.385	2.510	2.694	9.776
Jöfnunarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	8.311	9.063	9.537	10.668	37.579
2 Bein framlög á fjárlögum	623	847	856	0	2.326
NPA	51	100	166		317
Biðlistar		200	451		651
Breytingakostnaður	201	395	239		835
Veik staða útsvarsstofnsins	371	152	0		523
3 Framlög Fasteignasjóðs	0	518	442	475	1.435
4 Heildartekjur sveitarfélaga	11.121	12.813	13.344	13.836	51.115
br. milli ára, m.kr.		1.692	531	492	
br. milli ára, %		15,2%	4,1%	3,7%	
5 Gjöld vegna málefna fatlaðra	10.464	11.916	13.063	14.372	49.815
Búseta	6.005	6.714	7.309	8.303	28.331
Dagþjónusta	1.416	1.600	1.616	1.640	6.272
Skammtímavistun	937	1.067	1.193	1.206	4.402
Sameiginlegir liðir	857	1.089	1.225	1.266	4.437
Frekari liðveisla	468	503	664	807	2.442
Önnur þjónusta	780	943	1.057	1.150	3.931
6 Framlög til miðlægra verkefna	411	460	476	486	1.833
7 Heildargjöld sveitarfélaga	10.874	12.375	13.539	14.858	51.648
br. milli ára, m.kr.		1.501	1.164	1.319	
br. milli ára, %		13,8%	9,4%	9,7%	
8 Afkoma sveitarfélaga	247	438	-195	-1.022	-532



Mismunandi afkoma eftir svæðum.

- » Endurmatið hefur leitt í ljós mismunandi afkomu milli svæða og var fenginn óðháður aðili til gera úttekt hjá 6 svæðum með neikvæða afkomu.
- » Úttektin leiddi í ljós að sumpart var ástæðan aukið umfang verkefna svo sem í búsetumálum.
- » Einnig komu fram ábendingar um frekari hagræðingu í þjónustu og rekstri.
- » Rætt er um þetta atriði í niðurstöðum skýrslu verkefnisstjórnar og ályktað almennt um að rík áhersla verði lögð á að öll umsýsla og uppbygging, hvort heldur er af hálfu ríkis eða sveitarfélaga, byggi á ábyrgð hvað varðar þjónustu og fjármálastjórn og taki mið af þróun tekjustofna.



Rekstrarvandi einstakra svæða

- » Samhliða því að verið er að vinna í því að ná saman um endanlega útsvarsprósentu sveitarfélaga fyrir málaflokkinn í heild er óhjákvæmilegt að allir líti í eigin barm.
- » Hvað getum við gert hagkvæmar og betur í þjónustunni ?
- » Benda má sveitarfélögum á að leita í smiðju hjá þjónustusvæðum sem hafa rekið þjónustuna innan fjárhagsramma.
- » Hvað eru þau að gera öðruvísi ? Er hægt að læra af þeirra fyrirkomulagi ?
- » Nefna má Norðurþing og Austurland í þessu samhengi. Hvoru tveggja víðlend þjónustusvæði með nokkra þéttbýliskjarna og erfiðar vetrarsamgöngur.
- » Ráðuneytið er tilbúið til þess að styðja við og greiða fyrir samráði af því tagi eins og kostur er.



Rekstrarvandi einstakra svæða framh.

- » Félags- og húsnæðisráðherra hefur óskað eftir viðræðum við fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir til þess að leysa úr rekstrarvanda yfirstandandi árs 2015 hjá nokkrum þjónustusvæðum.
- » Málið er til skoðunar en ekki er komin niðurstaða.
- » Jöfnunarsjóður hefur nokkurt fjármagn sem hægt er að nýta í því skyni að létta þann vanda.
- » Einnig hefur verkefnisstjórn bent á nauðsyn þess að endurskoða úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs m.a. með tilliti til dreifðrar byggðar á strjálbýlum svæðum.
- » Ennfremur mætti skoða breytingar á svokallaðri 20/80 % reglu sem felst í því að 80% af fjármagni jöfnunarsjóðs er dreift eftir þjónustumati og 20% á grundvelli eign útsvars sveitarfélaga á viðkomandi þjónustusvæði.



- » Verkefnisstjórn er sammála um að uppbygging á nýju húsnæði fyrir fatlað fólk á vegum sveitarfélaga verði í samræmi við nýtt leiguíbúðakerfi sem nú er í lokavinnslu á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra.
- » Þannig verður úrlausn í húsnæðismálum fatlaðs fólks ekki sértækt úrræði heldur hluti af almennu félagslegu kerfi.
- » Verið er að skoða möguleika á viðbótarframlagi til húsnæðis vegna sérþarfa fatlaðs fólks og vegna húsnæðis fyrir hæfingu og iðju.
- » Ennfremur er sérstök verkefnisstjórn að vinna að framtíðarlausn á NPA verkefninu en það verkefni hefur verið framlengt út árið 2016.



Til skoðunar í lokaviðræðum

- » Verkefnisstjórnin mun á næstu dögum ljúka skýrslunni og skila verkinu af sér.
- » Þrátt fyrir mikla og góða vinnu af beggja hálfu hefur ekki tekist að ná samkomulagi um endanlega útsvarsprósentu. Eftir stendur að semja um möguleg kostnaðaráhrif nokkurra þátta sem endurmatið hefur leitt í ljós.
- » Dæmi um slíka þætti:
 - Möguleg kostnaðaráhrif ýmissa laga, reglugerða og framkvæmdaáætlunar Alþingis dags. 11.06.2012
 - Fjölgun þjónustuþega,
 - Ný verkefni þar á meðal nýskipan atvinnumála og þjónusta við börn með alvarlegar raskanir
 - Möguleg áhrif samnings Sameinuðu þjóðanna, sem þó hefur ekki verið lögfestur á Íslandi.



- » Ganga þarf frá málum þannig að frá og með næstu áramótum sé ábyrgð á öllum þáttum er lúta að þjónustu við fatlað fólk komin til sveitarfélaga ásamt þeim tekjustofnum sem nýtast skulu sveitarfélögum til frambúðar, líkt og gert var ráð fyrir í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga.

